

Lag. Sigfus Halldórsson

Ljód. Sigurður Einarsson

Útgefandi: Sumargjöt

Lagid er tileinkað Barnavinafélaginu "Sumargjöf"

1958

Sigtús Halldórsson

Moderato

f þeg-ar sum-ar-sól á fjöll set-ur fyrst-a spor- ið, hún er að kall-a ykk-ur öll

út í fagr-a vor- ið. Hún á marg-an hýr-an dag hand-a sín- um

börn- um: Svan-a-klia og ló-u-lag, ljós á grundog tjörn- um.

Öll réttindi áskilin.

egar sumarsól á fjöll
setur fyrsta sporið,
hún er að kalla ykkur öll
út í fagra vorið.
Hún á margan hýran dag
handa sínum börnum:
Svanaklið og lóulag,
ljós á grund og tjörnum.

Ísland á svo undurmargt
yndi til að veita
þeim, sem vilja vinna þarft,
vaskir drengir heita.
Út við strönd og upp í sveit
alltaf muntu finna
einhvern vænan vaxtarreit
vinnu og leikja þinna.

Láttu sól og ljúfan blæ
leika um vanga bjarta.
Mundu, að geyma Ísland æ
innst í þínu hjarta.
Þá mun hönd þín högg og góð
hlúa vexti og friði.
Alltaf vinna okkar þjóð,
alltaf verða að líði.

Veiztu, að þín unga sál
á að læra og skilja
barna, dýra, blóma mál,
boðorð Drottins vilja.

Gáðu þess, sem ólært er
eða stírt í munni.
Íslands skóli er opinn þér
úti í náttúrunni.

Þú átt enn þitt vaxtar vor
vona og sumargaman.

Vilji, drenglund, vit og þor
vaxi hjá þér saman.

Þú átt að bera sumarsól
söng og yl í bæinn,
þegar fjönnin þekur hól,
þegar stýttir daginn.